

Tillaga til þingsályktunar

um að heiðra minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni.

Flm.: Njáll Trausti Friðbertsson, Jón Gunnarsson, Vilhjálmur Árnason,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir,
Guðrún Hafsteinsdóttir, Ólafur Adolfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja annars vegar fram áætlun um að heiðra á varanlegan hátt minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni og hins vegar áætlun um undirbúning minningarathafnar sem fram fari árið 2025. Ríkisstjórnin hafi samráð við sérfræðinga við gerð áætlananna sem verði bornar undir Alþingi í formi þingsályktunartillögu eigi síðar en í október 2025.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 145. löggjafarþingi (582. mál), 149. löggjafarþingi (83. mál), 151. löggjafarþingi (264. mál), 153. löggjafarþingi (384. mál), 154. löggjafarþingi (80. mál) og 155. löggjafarþingi (73. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er nú lögð fram að nýju óbreytt.

Þrátt fyrir herleysi Íslands fóru Íslendingar ekki varhluta af því mannfalli sem átök seinni heimsstyrjaldarinnar höfðu í för með sér. Siglingar voru landinu lífsnauðsyn því að flytja þurfti afurðir landsins út og birgja landið að hvers kyns nauðsynjum á stríðsárunum. Þá jókst verðmæti og mikilvægi útflutnings sjávarafurða gríðarlega. Jafnframt leiddi herseta Bretar og síðar Bandaríkjamanna til þess að íslensk skip voru að einhverju leyti í þjónustu þeirra og skiptu miklu máli í baráttunni fyrir frelsi Evrópu og heimsins alls. Mikilvægi íslenska skipaflotans fólst þó ekki síst í útflutningi á afurðum landsins. Siglingar á hafsvæðinu í kringum Ísland voru því tíðar og má rekja megnið af mannfalli Íslendinga á stríðsárunum til árekstra og árása á íslenska skipaflotann þar þótt allnokkur íslensk skip hafi farist langt frá Íslandsströndum.

Við Íslendingar og bandamenn allir stöndum í þakkarskuld við þá sem lögðu líf sitt að veði í þessum siglingum fullkomlega meðvitaðir um áhættuna. Fórnir þeirra sem fórust voru miklar og er löngu tímabært að heiðra minningu þeirra líkt og lagt er til í þingsályktunartillögu þessari. Flutningsmenn telja viðeigandi að Alþingi samþykki að heiðra varanlega minningu þeirra sem fórust og að sérstök minningarathöfn verði haldin árið 2025 þegar þess verður minnst að 80 ár eru frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk.

Fyrir liggja heimildir um þann fjölda Íslendinga sem lést á stríðsárunum þótt heildartalan ráðist nokkuð af því hvað er álitid flokkast undir fall af völdum stríðsátaka. Í sumum tilvikum skortir upplýsingar um ástæður þess að skip fórust. Þó liggja fyrir tilgátur sérfræðinga sem hafa rannsakað þessa sögu og skráð heimildir. Má þar nefna Þór Whitehead sem gaf út verkið *Ísland í hers höndum* árið 2002. Gunnar M. Magnúss tók saman verkið *Virkið í norðri III* sem var endurútgefið með breytingum og viðbótum árið 1984 af Helga Haukssyni. Þar er yfirlit yfir alla Íslendinga sem létust af völdum stríðs. Af þessum heimildum má álykta að í

Það minnsta 153 Íslendingar hafi látist vegna árása á skip sem þeir voru á eða árekstra skipanna við tundurdufl. Um er að ræða íslensk skip og erlend skip sem höfðu íslenska skipverja um borð. Þetta eru 0,13% af íbúafjölda hér á landi miðað við manntal í lok árs 1940 (121.474). Þessu til viðbótar fórust 58 á tveimur skipum, Sviða og Max Pemberton, sem líkur standa til að hafi tengst árekstrum við tundurdufl. Einnig er gert ráð fyrir þeim sem féllu á Íslandi á stríðsárunum fyrir hendi bandarískra hermanna. Heildarfjöldi Íslendinga sem féll af völdum stríðsátaka var því um 211 eða 0,17% af íbúafjölda landsins í lok árs 1940. Það er áhugavert að skoða þessar tölur í samanburði við hlutfallslegt mannfall annarra þjóða. Lauslegar tölur til samanburðar sýna að sem hlutfall af heildarfjölda íbúa er þetta sambærilegt mannfalli Dana og mun meira en mannfall Svía. Bandaríkin misstu um 0,2% af heildarfólksfjölda sínum í stríðinu, Kanada missti 0,4%, Bretland missti 0,7% og Frakkland 1,5%.

Eins og áður hefur komið fram eru nokkuð góðar heimildir til um þá Íslendinga sem féllu af völdum stríðsátaka. Þetta hefur þó ekki verið fullrannsakað og vera má að þessar tölur breytist eitthvað við frekari rannsóknir fræðimanna á skráðum orsökum dauðsfalla á þessum viðsjárverðu tímum. Í ritinu *Virkið í norðri III* eru þeir Íslendingar sem heimildir eru til um að hafi látist af völdum stríðsins taldir upp og er sá listi eftirfarandi:

1940.

29. janúar.

Norska flutningaskipið Bisp fórst af hernaðarvöldum í Norðursjó, þrír létust:

Guðmundur Eiríksson, Dvergasteini, Vestmannaeyjum, 20 ára,

Haraldur Bjarnfreðsson, Efri-Steinsmýri í Meðallandi, Vestur-Skaftafellssýslu, 21 árs,

Þórarinn S. Thorlacius Magnússon, Gjábakka, Vestmannaeyjum, 33 ára.

1. febrúar.

Danska flutningaskipinu Fredensborg frá Kaupmannahöfn sökkt með tundurskeyti, einn Íslendingur fórst:

Robert M. Bender, Reykjavík, 30 ára.

30. október.

Togarinn Bragi RE 275 varð fyrir ásiglingu, tíu fórust:

Ingvar Ágúst Bjarnason skipstjóri, Reykjavík, 48 ára,

Sigurmann Eiríksson, 1. stýrimaður, Reykjavík, 41 árs,

Guðmundur Einarsson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 37 ára,

Ingvar Júlíus Guðmundsson, 2. vélstjóri, Reykjavík, 42 ára,

Ingimar Sölvason loftskýtamaður, Reykjavík, 29 ára,

Þorbjörn Björnsson matsveinn, Reykjavík, 38 ára,

Elías Loftsson háseti, Reykjavík, 33 ára,

Ingimar Kristinsson háseti, Hafnarfirði, 40 ára,

Lárus Guðnason háseti, Reykjavík, 45 ára,

Sveinbjörn Guðmundsson háseti, Reykjavík, 39 ára.

Nóvember/desember.

Enskt flutningaskip hæft af þremur sprengjum þýskra flugvéla, einn lést:

Bergsteinn Sigurðsson sjómaður, Hull, Englandi, 48 ára.

1941.

7. mars.

Vélbáturinn Olga VE 339 sökk eftir ásiglingu af ljóslausum breskum togara, einn lést: Sigurður Bjarnason, Djúpadal, Vestmannaeyjum, 22 ára.

10. mars.

Togarinn Reykjaborg RE 64 skotinn á leið til Englands, þrettán fórust:

Ásmundur Sigurðsson skipstjóri, Reykjavík, 39 ára,
 Ásmundur Sveinsson, 1. stýrimaður, Reykjavík, 36 ára,
 Guðjón Jónsson, 2. stýrimaður, Reykjavík, 47 ára,
 Óskar Þorsteinsson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 38 ára,
 Gunnlaugur Ketilsson, 2. vélstjóri, Reykjavík, 28 ára,
 Daníel Kr. Oddsson loftskemtamaður, Reykjavík, 50 ára,
 Jón Schiöth Lárusson matsveinn, Reykjavík, 25 ára,
 Arelíus Guðmundsson háseti, Reykjavík, 27 ára,
 Hávarður Jónsson háseti, Reykjavík 39 ára,
 Þorsteinn Karlsson háseti, Reykjavík, 22 ára,
 Kristófer Óskar Vigfússon kyndari, Reykjavík, 33 ára,
 Óskar Ingimundarson kyndari, Djúpavogi, 31 árs,
 Runólfur Sigurðsson, skrifstofustjóri Fiskimálanefndar, Reykjavík, 32 ára.

11. mars.

Línuveiðarinn Fróði ÍS 454 varð fyrir skotárás frá kafbáti, fimm féllu:

Gunnar Árnason skipstjóri, Reykjavík, 33 ára,
 Sigurður V. Jörundsson stýrimaður, Hrísey, 23 ára,
 Steinþór Árnason háseti, Þingeyri, 38 ára,
 Gísli Guðmundsson háseti, Þingeyri, 34 ára,
 Guðmundur Stefánsson háseti, Þingeyri, 23 ára.

11. mars.

Línuveiðarinn Pétursey ÍS 100 skotinn í kaf með allri áhöfn á leið til Englands, tíu fórust:

Þorsteinn Magnússon skipstjóri, Þingeyri, 27 ára,
 Hallgrímur Pétursson stýrimaður, Flateyri, 24 ára,
 Guðjón Vigfússon, 1. vélstjóri, Reykjavík, 42 ára,
 Sigurður Jónsson, 2. vélstjóri, Hvammi, Dýrafirði, 52 ára,
 Theódór Jónsson matsveinn, Aðalvík, Norður-Ísafjarðarsýslu, 28 ára,
 Halldór Magnússon háseti, Suðureyri, Súgandafirði, 22 ára,
 Hrólfur Þorsteinsson háseti, Hvammstanga, 34 ára,
 Óli Kjartansson háseti, Ísafirði, 32 ára,
 Kristján Kristjánsson kyndari, Ísafirði, 29 ára,
 Ólafur Gíslason kyndari, Ísafirði, 31 árs.

30. maí.

Vélbáturinn Hólmsteinn ÍS 155 fórst og talið að hernaðaraðgerðir hafi grandað bátnum, fjórir fórust:

Ásgeir Sigurðsson skipstjóri, Hnífsdal, 20 ára,
 Helgi Jóhannesson vélstjóri, Ásgarðsnesi, Þingeyri, 22 ára,
 Guðmundur K. F. Kristjánsson háseti, Þingeyri, 21 árs,
 Niels Guðmundsson háseti, Þingeyri, 23 ára.

29. júní.

Eimskipinu Heklu RE 88 sökkt með tundurskeyti, fjórtán fórust:

Einar Kristjánsson skipstjóri, Reykjavík, 45 ára,
 Kristján Bjarnason, 1. stýrimaður, Reykjavík, 39 ára,
 Jón Hákon Kristjánsson, 2. stýrimaður, Reykjavík, 29 ára,
 Jón Erlingsson, 2. vélstjóri, Reykjavík, 33 ára,
 Ásbjörn Ásbjörnsson aðstoðarvélstjóri, Reykjavík, 24 ára,

Sveinbjörn Ársælsson loftskýrtamaður, Reykjavík, 25 ára,
 Bjarni Þorvarðarson háseti, Reykjavík, 24 ára,
 Hafliði Ólafsson háseti, Reykjavík, 47 ára,
 Haraldur Sveinsson háseti, Reykjavík, 33 ára,
 Sigurður Eiríksson Þórarinnsson háseti, Reykjavík, 25 ára,
 Viggó Þorgilsson háseti, Reykjavík, 22 ára,
 Karl Þ. Guðmundsson kyndari, Eskifirði, 19 ára,
 Matthías Rögnvaldsson kyndari, Hjalteyri, Eyjafirði, 25 ára,
 Sverrir Símonarson lempari, Reykjavík, 19 ára.
 17. ágúst.

Flutningaskipið Sessa, leiguskip Eimskipafélags Íslands, skotið í kaf með tundurskeyti, tveir Íslendingar fórust:

Steinþór Wendel Jónsson, Reykjavík, 20 ára,
 Þorvaldur Aðils, Reykjavík, 34 ára.
 Í byrjun september.
 Línuveiðarinn Jarlinn RE 590 fórst og með honum ellefu menn:
 Jóhannes Jónsson skipstjóri, Reykjavík, 64 ára,
 Guðmundur Matthíasson Thordarson stýrimaður, Kaupmannahöfn, 37 ára,
 Eyjólfur Björnsson, 1. vélstjóri, Laxnesi, Mosfellssveit, 58 ára,
 Jóhann Sigurjónsson, 2. vélstjóri, Siglufirði, 45 ára,
 Halldór Björnsson matsveinn, Reykjavík, 21 árs,
 Konráð Ásgeirsson háseti, Bolungarvík, 29 ára,
 Ragnar Guðmundsson háseti, Gufá í Borgarhreppi, Mýrasýslu, 30 ára,
 Sveinbjörn Jóelsson háseti, Reykjavík, 17 ára,
 Theódór Óskarsson háseti, Reykjavík, 23 ára,
 Dúi Guðmundsson kyndari, Siglufirði, 40 ára,
 Sigurður Gíslason kyndari, Reykjavík, 26 ára.

8. nóvember.

Bandarískir hermenn skutu að hópi manna í Hafnarfirði, einn lést:
 Þórður Sigurðsson, Hafnarfirði, 21 árs.

2. desember.

Togarinn Sviði GK 7 talinn hafa farist vegna tundurdufla, tuttugu og fimm fórust:

Guðjón Guðmundsson skipstjóri, Reykjavík, 47 ára,
 Þorbergur Friðriksson, 1. stýrimaður, Reykjavík, 41 árs,
 Gunnar Klemenzen, 2. stýrimaður, Reykjavík, 25 ára,
 Guðmundur Pálsson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 31 árs,
 Lýður Magnússon, 2. vélstjóri, Hafnarfirði, 43 ára,
 Erlendur Hallgrímsson loftskýrtamaður, Reykjavík, 30 ára,
 Guðmundur Júlíusson matsveinn, Hafnarfirði, 49 ára,
 Gísli Sigurðsson bátsmaður, Hafnarfirði, 41 árs,
 Baldur Á. Jónsson háseti, Akranesi, 26 ára,
 Bjarni Einarsson háseti, Reykjavík, 26 ára,
 Bjarni Ingvarsson háseti, Reykjavík, 18 ára,
 Bjarni E. Ísleifsson háseti, Hafnarfirði, 28 ára,
 Egill Guðmundsson háseti, Reykjavík, 34 ára,
 Gísli Ásmundsson háseti, Hafnarfirði, 52 ára,
 Gottskálf Jónsson háseti, Hafnarfirði, 42 ára,

Guðmundur Halldórsson háseti, Reykjavík, 37 ára,
 Guðmundur Þórhallsson háseti, Reykjavík, 19 ára,
 Gunnar Björnsson háseti, Reykjavík, 17 ára,
 Gunnar I. Hjörleifsson háseti, Hafnarfirði, 49 ára,
 Haraldur Þórðarson háseti, Hafnarfirði, 44 ára,
 Jón Gústafsson háseti, Hafnarfirði, 25 ára,
 Sigurgeir Sigurðsson háseti, Hafnarfirði, 45 ára,
 Örnólfur Eiríksson háseti, Felli í Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, 26 ára,
 Júlíus A. Hallgrímsson kyndari, Reykjavík, 41 árs,
 Lárus Þ. Gíslason kyndari, Reykjavík, 32 ára.

1942.

13. febrúar.

Vélbáturinn Græðir RE 76 sigldur niður af ljóslausum amerískum tundurspilli, einn fórst:

Lárus Marísson, Reykjavík, 65 ára.

Í febrúar.

Danska flutningaskipið Erna III skotið niður, einn Íslendingur lést:

Þórarinn Ásgeirsson loftskæptamaður, Reykjavík, 28 ára.

14. mars.

Bandarískur hermaður skaut að bíl, einn lést:

Gunnar Einarsson vélfræðingur, Reykjavík, 35 ára.

9. apríl.

Norska flutningaskipið Fanfeld fórst eftir að hafa rekist á tundurdufl, tveir Íslendingar fórust:

Sigurður Oddsson, Reykjavík, 67 ára,

Guðmundur S. Pétursson, Reykjavík, 22 ára.

24. maí.

Bandarískur hermaður skaut íslenskan dreng til bana við herbúðir við Hallveigarstíg í Reykjavík:

Jón Hinrik Benediktsson, 12 ára.

24. ágúst.

Þýsk sprengjuflugvél réðst með sprengjukasti og vélbyssuskothríð á togarann Vörð BA 142, einn lést:

Sigurjón Ingvarsson, Geitagili, Örlygshöfn við Patreksfjörð, 24 ára.

Í ágúst.

Einn Íslendingur fórst á bandaríska flugmóðurskipinu Galant Fox á hafinu milli Íslands og Norður-Rússlands:

Kristján Þorgeir Jakobsson lögfræðingur, Reykjavík, 42 ára.

8. október.

Flutningaskipinu Borengia sökk með tundurskeyti úti af Höfðaborg í Suður-Afríku, einn Íslendingur lést:

Valdimar B. Finnbogason, Reykjavík, 23 ára.

23. október.

Togaranum Jóni Ólafssyni RE 279 grandað, þrettán fórust:

Sigfús Ingvar Kolbeinsson skipstjóri, Reykjavík, 37 ára,

Helgi Eiríksson Kúld, 1. stýrimaður, Reykjavík, 36 ára,

Haraldur Guðjónsson, 2. stýrimaður, Reykjavík, 38 ára,

Ásgeir Magnússon, 1. vélstjóri, Reykjavík, 40 ára,

Valentínus Magnússon, 2. vélstjóri, Reykjavík, 42 ára,
 Guðmundur Jón Óskarsson loftskýrtamaður, Hvallátrum í Rauðasandshreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, 24 ára,
 Gústaf Adólf Gíslason matsveinn, Reykjavík, 37 ára,
 Erlendur Pálsson háseti, Hjálmsstöðum í Laugardal, Árnessýslu, 32 ára,
 Jónas Hafsteinn Bjarnason háseti, Reykjavík, 24 ára,
 Sveinn Markússon háseti, Reykjavík, 31 árs,
 Vilhjálmur Torfason háseti, Reykjavík, 36 ára,
 Karel Ingvarsson kyndari, Lambastöðum, Seltjarnarnesi, 43 ára,
 Þorsteinn Hjelm kyndari, Reykjavík, 24 ára.

31. október.

Talið að opni vélbáturinn Vignir frá Vattarnesi við Reyðarfjörð hafi farist af völdum tundurdufls, þrír létust:

Magnús Jónsson formaður, Vattarnesi, 39 ára,
 Jón Austmann Jónsson, Vattarnesi, 32 ára,
 Lúðvík Sigurjónsson, Vattarnesi, 37 ára.

1943.

7. mars.

Sprengjubrot féll í höfuð manns í Austurstræti í Reykjavík:
 Ásmundur Elíasson sjómaður, 37 ára.

10. mars.

Bandaríska flutningaskipinu Andrea F. Luckenbach sökkt vestur af Írlandi, einn Íslendingur fórst:

Jón Guðmundur Halldórsson, Reykjavík, 25 ára.

18. maí.

Ástralska spítalaskipið Centaur skotið niður við strönd Ástralíu, einn Íslendingur lést:
 Georg Richard Long, Ástralíu, 40 ára.

21. maí.

Togarinn Garðar GK 25 sökk við Skotlandsströnd eftir ásiglingu ensks skips, þrír fórust:
 Oddur Guðmundsson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 48 ára,
 Alfred Stefánsson kyndari, Hafnarfirði, 25 ára,
 Ármann Óskar Markússon háseti, Þykkvabæ, Rangárvallasýslu, 23 ára.

4. júní.

Þýska skipið Altenfels skotið í kaf af rússnesku herskipi, einn Íslendingur fórst:
 Kristinn Kristófersson, Sandgerði, 23 ára.

16. júní.

Strandferðaskipið Súðin varð fyrir árás þýskrar sprengjuflugvélar, tveir létust:
 Hermann Jónsson háseti, Reykjavík, 45 ára,
 Guðjón Elí Kristinsson háseti, Ísafirði, 21 árs.

Í júní/júlí.

Danskt flutningaskip fórst á leið milli London og New York, einn Íslendingur lést:
 Geir Árnason, Reykjavík, 17 ára.

1944.

11. janúar.

Togarinn Max Pemberton RE 278 talinn hafa farist í óveðri vegna tundurdufla, 29 létust:
 Pétur A. Maack skipstjóri, Reykjavík, 51 árs,
 Pétur A. Maack, 1. stýrimaður, Reykjavík, 28 ára,

Jón Sigurgeirsson, 2. stýrimaður, Reykjavík, 31 árs,
 Þorsteinn Þórðarson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 51 árs,
 Þórður Þorsteinsson, 2. vélstjóri, Reykjavík, 19 ára,
 Valdimar Guðjónsson matsveinn, Reykjavík, 46 ára,
 Gísli Eiríksson bátsmaður, Reykjavík, 49 ára,
 Guðmundur Þorvaldsson bræðslumaður, Hafnarfirði, 44 ára,
 Guðmundur Einarsson netamaður, Reykjavík, 45 ára,
 Guðni Kr. Sigurðsson netamaður, Reykjavík, 50 ára,
 Sigurður V. Pálmason netamaður, Reykjavík, 49 ára,
 Sæmundur Halldórsson netamaður, Reykjavík, 33 ára,
 Aðalsteinn Árnason háseti, Seyðisfirði, 19 ára,
 Ari Friðriksson háseti, Látrum, Aðalvík, 19 ára,
 Arnór Sigmundsson háseti, Reykjavík, 52 ára,
 Björgvin H. Björnsson háseti, Reykjavík, 28 ára,
 Guðjón Björnsson háseti, Reykjavík, 17 ára,
 Gunnlaugur Guðmundsson háseti, Reykjavík, 26 ára,
 Halldór Sigurðsson háseti, Jaðarkoti í Villingaholtshreppi, Árnessýslu, 23 ára,
 Hlöðver Ólafsson háseti, Reykjavík, 22 ára,
 Jens Konráðsson háseti, Reykjavík, 26 ára,
 Jón Þ. Hafliðason háseti, Reykjavík, 28 ára,
 Jón M. Jónsson háseti, Reykjavík, 29 ára,
 Jón Ólafsson háseti, Keflavík, 39 ára,
 Kristján Halldórsson háseti, Innri-Njarðvík, 37 ára,
 Magnús Jónsson háseti, Reykjavík, 23 ára,
 Benedikt R. Sigurðsson kyndari, Reykjavík, 37 ára,
 Hilmar Jóhannesson kyndari, Reykjavík, 19 ára,
 Kristján Kristinsson aðstoðarmatsveinn, Reykjavík, 14 ára.

10. nóvember.

Eimskipið Goðafoss varð fyrir tundurskeyti við Garðskaga og sökk á örskammri stund,

24 fórust:

Þórir Ólafsson, 3. stýrimaður, Reykjavík, 39 ára,
 Hafliði Jónsson, 1. vélstjóri, Reykjavík, 60 ára,
 Sigurður Haraldsson, 3. vélstjóri, Reykjavík, 27 ára,
 Guðmundur Guðlaugsson, 4. vélstjóri, Reykjavík, 55 ára,
 Eyjólfur Eðvaldsson, 1. loftskýtamaður, Reykjavík, 48 ára,
 Sigurður Jóhann Oddsson, 1. matsveinn, Reykjavík, 41 árs,
 Jakob Sigurjón Einarsson þjónn, Reykjavík, 36 ára,
 Lára Ingjaldsdóttir þerna, Reykjavík, 42 ára,
 Sigurður Einar Ingimundarson bátsmaður, Reykjavík, 47 ára,
 Ragnar Kærnested háseti, Reykjavík, 27 ára,
 Sigurður Sveinsson háseti, Reykjavík, 28 ára,
 Randver Hallsson yfirkyndari, Reykjavík, 47 ára,
 Jón K. G. Kristjánsson kyndari, Reykjavík, 51 árs,
 Pétur Már Hafliðason kyndari, Reykjavík, 17 ára,
 Dr. Friðgeir Ólason læknir, 31 árs,
 Sigrún Briem Ólason læknir, 33 ára, eiginkona Friðgeirs, og börn þeirra þrjú:
 Óli Hilmar Friðgeirsson, sjö ára,

Sverrir Friðgeirsson, á þriðja ári,
 Sigrún Friðgeirsdóttir, á fyrsta ári,
 Ellen Ingibjörg Wagle Downey, Reykjavík, 24 ára, og sonur hennar:
 William Downey, Reykjavík, tveggja ára,
 Halldór Sigurðsson, Reykjavík, 21 árs,
 Sigríður Pálsdóttir Þormar, Reykjavík, 20 ára,
 Steinþór Loftsson, Akureyri, 21 árs.

1945.

21. febrúar.

Eimskipið Dettifoss varð fyrir tundurskeyti við Írlandsströnd og sökk, 15 fórust:

Davíð Gíslason, 1. stýrimaður, Reykjavík, 53 ára,
 Jón Bogason bryti, Reykjavík, 52 ára,
 Jóhannes Sigurðsson búрмаður, Reykjavík, 38 ára,
 Jón Guðmundsson bátsmaður, Reykjavík, 38 ára,
 Gísli Andrússon háseti, Reykjavík, 24 ára,
 Guðmundur Eyjólfsson háseti, Reykjavík, 29 ára,
 Hlöðver Oliver Ásbjörnsson háseti, Reykjavík, 26 ára,
 Jón Bjarnason háseti, Reykjavík, 35 ára,
 Ragnar Georg Ágústsson háseti, Reykjavík, 21 árs,
 Helgi Laxdal kyndari, Tungu á Svalbarðsströnd, Suður-Þingeyjarsýslu, 25 ára,
 Ragnar Jakobsson kyndari, Reykjavík, 19 ára,
 Stefán Hinriksson kyndari, Reykjavík, 46 ára,
 Bertha Steinunn Zoega, Reykjavík, 33 ára,
 Guðrún Jónsdóttir skrifstofustúlka, Reykjavík, 33 ára.
 Vilborg Stefánsdóttir hjúrunarkona, Reykjavík, 49 ára.

9. apríl.

Línuveiðarinn Fjölnir ÍS 7 fórst, fimm fórust:

Magnús G. Jóhannesson matsveinn, Ásgarðsnesi, Þingeyri, 22 ára,
 Gísli A. Gíslason háseti, Ísafirði, 30 ára,
 Pálmi Jóhannesson háseti, Miðkrika í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, 30 ára,
 Guðmundur S. Ágústsson kyndari, Sæbóli í Aðalvík, Norður-Ísafjarðarsýslu, 22 ára,
 Pétur Sigurðsson kyndari, Hvammi, Dýrafirði, 27 ára.

2. júní.

Íslendingur fórst með flutningaskipinu Panama við austurströnd Englands:

Helgi Friðrik Helgason, Reykjavík, 31 árs.

21. október.

Ameríski togarinn Nespeg frá Boston sökk eftir árekstur við amerískan tundurspilli, tveir Íslendingar fórust:

Bjarni E. Kristjánsson sjómaður, Sellátrum, Tálknafirði, 45 ára,
 Björn Einarsson, Sellátrum, Tálknafirði, 35 ára.

Ekki er fyrir að fara neinum varanlegum minnisvarða um alla þá Íslendinga sem taldir voru upp hér að framan en minnismerki hafa verið reist um þá sem létust á einstaka skipum. Um tíma var minnismerki á Sjóminjasafninu um þá sem fórust með Dettifossi og Goðafossi og upplýsingaspjöld á vegum Faxaflóahafna við Miðbakka í Reykjavík með yfirliti yfir öll skip sem farist hafa við Íslandsstrendur, m.a. á stríðsárunum. Í einhverjum tilfellum eru grafreitir erlendra manna sem fórust við Ísland sérstaklega merktir. Það er því löngu tímabært að

búa þeim sem létu lífið í seinni heimsstyrjöldinni varanlegan sess í sögu þjóðarinnar.

Með hvaða hætti slíkt verður best gert skal nánar útfært af ríkisstjórn í samráði við sérfræðinga sem starfa t.d. á sviði sagnfræði eða safnafræði. Víða í Evrópu, til að mynda í Frakklandi, hafa minnismerki um fallna verið reist í þeim bæjum sem viðkomandi einstaklingar voru frá, t.d. við kirkjur eða í kirkjugörðum. Einnig hefur verið farin sú leið að reisa stytta eða listaverk sem minnisvarða þar sem nöfn allra þeirra sem létust eru talin upp, eins og gert er á Víetnam-minnismerkinu í Washington. Loks hafa margar þjóðir farið þá leið að tileinka árlega sérstakan dag minningu þessa fólks.